

kr. og málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, er ákveðast 10 kr. til hvors þeirra.

Þó að ærið lengi hafi staðið á rekstri máls þessa í hjerði þar sem 1. rjettarpróf í því var haldið hinn 23. marzmán. 1889, þykir þó eigi ástæða til að láta hjeradsdómarann sæta ábyrgð fyrir það. Það vottast, að málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hjeradsdómurinn á að vera ómerkur, að því er refsingarákvæði hans snertir. Hinn ákærði Sigtryggur Ísleifsson á að vera sýkn, að því er ákær-  
una fyrir sviksamlegt athæfi snertir. Allur sakar-  
kostnaður bæði í hjerði og fyrir yfirdómi greiðist af almannaþje, þar með talin málsvarnarlaun til verjanda í hjerði, cand. Skapta Jósepssonar, 5 kr., og málflytningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málsfærslmannanna Hannesar Hafstein og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Nr. 31/1890.

Hið opinbera  
gegn

Sigtryggi Þorgrímssyni.

D ó m u r :

Í máli þessu, sem dæmt er í aukarjetti Akureyrar 22. ágústmán. þ. á., var hinn kærði Sigtryggur Þorgrímsson, sem sakaður var um brot gegn 2. gr. fiski-  
6\*

veiðasamþykktar fyrir sjáfarsvæðið milli sýslutakmarka Eyjafjarðarsýslu að vestan og Gjöguratáar í Þingeyjarsýslu, staðfestri 15. júní 1888, dæmdur sýkn af kærðu hins opinbera, en honum þó gjört að greiða allan málskostnað. Þessum dómi er af hálfu hins opinbera skotið til yfirdómsins.

Hinum kærða er gefið að sök, að hann hafi brotið nefnda samþykkt með því í desember 1888, að hafa lagt fiskilínu innar eða sunnar en heimilt er samkvæmt 2. gr. nefndrar samþykktar. Hinn kærði hefur með öllu neitað, að hafa lagt línuna fyrir innan takmörkin og það er eigi sannað í málinu, að hann hafi gjört það. Að vísu hafa fjögur vitni borið, að þau hafi sjed dufl hans 30—40 faðma fyrir innan línuna og kærði hefur eigi mótmælt, að svo kunni að hafa verið, þá er hann tók línuna upp; það er upplýst í málinu, að útstraumur hafi verið, þá er kærði lagði línuna, en þegar hann tók hana upp, var kominn harður innstraumur, og gat því vel verið, að duflið væri þá komið inn fyrir línuna, því duflfærið var 100 faðma langt, en dýpið að eins 24 faðmar.

Það virðist þannig ljóst, að þótt gengið væri út frá því sem fullsönnuðu, að duflið hafi verið 30—40 faðma fyrir innan takmarkalínuna, þegar línun var tekin með harða innstraumi, þá hafi þó lóðarlínan sjálf orðið að liggja fyrir utan markalínuna, og með því ekki verður svo á litið, að samþykktin hafi verið brotin, þótt duflið og duflfærið kæmist fyrir straum inn fyrir línuna, verður að sýkna hinn kærða og láta málskostnað lenda á almannaþje, þar á meðal málflytningu laun sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Við rekstur og meðferð málsins í hjerði athugast, að nokkur dráttur hefur orðið á því, sem eigi er nægilega rjettlættur af undirdómaranum, og að sökin er dæmd í aukarjetti, þó að henni væri stefnt fyrir lög-reglurjett og hún væri rekin fyrir tjeðum rjetti. Það virðist þó eigi ástæða til, að ónýta hinn uppkveðna dóm nje til þess, að láta undirdómarann sæta ábyrgð fyrir málsmeðferðina. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett að vera:

Hinn kærði, Sigtryggur Þorgrímsson, á að vera sýkn af kæru hins opinbera í þessu máli. Allur málskostnaður, þar með talin málf lutningslaun til sóknara og verjanda fyrir yfirdómi, málaflutningsmannanna Hannesar Hafstein og Guðlaugs Guðmundssonar, 10 kr. til hvors þeirra, greiðist af almannafje.

Nr. 28/1890.

Hið opinbera  
gegn  
Einari Jónssyni.

D ó m u r :

Eptir að sóknarpresturinn í Staðarprestakalli í Grindavík hafði kært Einar hreppstjóra Jónsson í Gardhúsum fyrir óleyfilega brennivínssölu, með brjefi til hlutadeigandi sýslumanns, dags. 6. júní 1889, rannsakaði sýslumaðurinn málefni þetta, og dæmdi síðan hinn kærða í lögreglurjetti Kjósar-og Gullbringusýslu hinn 5. júlí-